**131. löggjafarþing 2004–2005.**
**Þskj. 281 — 128. mál.**

# Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um sektakerfi lögreglunnar.

1. *Hvað voru sektarboð mörg árið 2003 og það sem af er árinu, og hvernig skiptast þau eftir tegundum brota?*

Sektarboð voru alls 37.823 á árinu 2003 og það sem af er árinu 2004 nemur fjöldi sektarboða alls 31.810, en síðastnefnd tala miðast við stöðuna hinn 15. október 2004. Um skiptingu eftir tegundum brota og nánari tölfræðilegar upplýsingar vísast til eftirfarandi taflna.

**Fjöldi sektarboða frá 1998 til 2003 og það sem af er 2004, eftir umdæmum.**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 (staðan 15. okt.) |
|---|---|---|---|---|---|
| Akranes | 686 | 593 | 794 | 921 | 748 |
| Akureyri | 3.795 | 2.677 | 2.998 | 1.866 | 2.215 |
| Blönduós | 2.188 | 2.201 | 2.306 | 1.859 | 2.038 |
| Bolungarvík | 69 | 85 | 51 | 56 | 33 |
| Borgarnes | 791 | 1.864 | 1.561 | 1.311 | 742 |
| Búðardalur | 25 | 112 | 117 | 139 | 150 |
| Eskifjörður* | 379 | 343 | 383 | 535 | 528 |
| Hafnarfjörður | 3.543 | 2.930 | 1.913 | 3.426 | 2.657 |
| Hólmavík | 286 | 209 | 632 | 760 | 419 |
| Húsavík | 383 | 554 | 816 | 493 | 475 |
| Hvolsvöllur | 650 | 751 | 681 | 1.017 | 593 |
| Höfn | 46 | 117 | 151 | 141 | 240 |
| Ísafjörður | 564 | 541 | 592 | 606 | 332 |
| Keflavík | 2.712 | 2.936 | 2.289 | 2.425 | 2.128 |
| Keflavíkurflugvöllur | 787 | 843 | 530 | 563 | 797 |
| Kópavogur | 2.529 | 3.462 | 3.321 | 2.868 | 2.241 |
| Ólafsfjörður | 55 | 121 | 203 | 187 | 205 |
| Patreksfjörður | 62 | 155 | 132 | 162 | 43 |
| Reykjavík | 12.456 | 12.374 | 16.702 | 10.920 | 9.032 |
| Sauðárkrókur | 581 | 745 | 674 | 810 | 983 |
| Selfoss | 2.405 | 2.716 | 3.508 | 4.001 | 2.935 |
| Seyðisfjörður | 510 | 548 | 279 | 655 | 437 |
| Siglufjörður | 90 | 73 | 91 | 80 | 172 |
| Snæfellsnes | 482 | 515 | 570 | 866 | 734 |
| Vestmannaeyjar | 407 | 415 | 535 | 526 | 348 |
| Vík | 269 | 302 | 365 | 630 | 585 |
| **Samtals** | **36.750** | **38.182** | **42.194** | **37.823** | **31.810** |

* Embætti sýslumannsins í Neskaupstað var sameinað embætti sýslumannsins á Eskifirði 1. janúar 2000.

## Fjöldi brota í sektarboðum 2003 og það sem af er 2004, eftir tegund brots.

| | 2003 | 2004 (til 15. okt.) |
|---|---|---|
| Akstur gegn rauðu ljósi (5. gr.) | 1.281 | 855 |
| Of hraður akstur. Hraðamæling (37. gr.) | 21.242 | 18.187 |
| Skoðun, vanrækt að færa ökutæki til aðalskoðunar (67. gr. sbr. rg. 378/1998) | 4.450 | 3.548 |
| Skoðun, vanrækt að færa ökutæki til endurskoðunar (67. gr. sbr. rg. 378/1998) | 1.375 | 983 |
| Stöðvunarskylda ekki virt (5. gr.) | 847 | 634 |
| Ökumaður vélknúins ökutækis notar farsíma án handfrjáls búnaðar (47a) | 699 | 905 |
| Ökuskírteini ekki meðferðis (48. gr.) | 2.638 | 2.235 |
| Ökuskírteini, ekið án þess að endurnýja ökuskírteini (48. gr.) | 710 | 668 |
| Öryggisbelti/bílbelti ekki notað af ökumanni (71. gr.) | 1.935 | 2.000 |
| Önnur brot | 5.440 | 4.020 |
| **Samtals** | **40.617** | **34.035** |

## Fjöldi brota í sektarboðum 2003.

| | Samtals |
|---|---|
| Að óþörfu ekið svo hægt eða hemlað svo snögglega að það tefur eðlilegan akstur annarra eða skapar hættu (36. gr.) | 2 |
| Afstunga, brot á skyldum við umferðaróhapp (10. gr.) | 108 |
| Akreinanotkun, röng akreinanotkun og beygja (15. gr.) | 3 |
| Akstur bifreiða án starfshæfnisvottorðs (rgl. 136/1995, sbr. 50. gr. umfl.) | 2 |
| Akstur bifreiða til farþegaflutnings í atvinnuskyni án réttinda (50. gr.) | 2 |
| Akstur bifreiðar eða bifhjóls án þess að hafa öðlast ökuréttindi (48. gr.) | 165 |
| Akstur bifreiðar eða bifhjóls sviptur ökuréttindum (48. gr.) | 3 |
| Akstur bifreiðar, meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, án réttinda (50. gr.) | 14 |
| Akstur dráttarvélar, vinnuvélar, létts bifhjóls og torfærutækis án þess að hafa öðlast réttindi (55. gr.) | 14 |
| Akstur dráttarvélar, vinnuvélar, létts bifhjóls og torfærutækis sviptur réttindum (55. gr.) | 1 |
| Akstur gegn rauðu ljósi (5. gr.) | 1.281 |
| Akstur utan vega, ökutæki ekið utan vega í þéttbýli (5. gr. a) | 26 |
| Akstursdagur ökumanns 4 til 8 klst. of langur (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 2 |
| Akstursdagur ökumanns allt að 4 klst. of langur (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 7 |
| Áletrunum eða merkjum á ökutæki áfátt (59. gr.) | 3 |
| Ásþungi allt að 10% umfram leyfilegt hámark (76. gr.sbr. rg. 528/1998) | 258 |
| Ásþungi allt að 20% umfram leyfilegt hámark (76. gr. sbr. rg. 528/1998) | 195 |
| Ásþungi allt að 30% umfram leyfilegt hámark (76. gr. sbr. rg. 528/1998) | 47 |
| Ásþungi meiri en 30% umfram leyfilegt hámark (76. gr. sbr. rg. 528/1998) | 18 |
| Bann við framúrakstri ekki virt (5. gr.) | 38 |
| Biðskylda ekki virt (25. gr.) | 166 |
| Brot á reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu á farmi (73. gr.) | 17 |
| Brot á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja (75. gr.) | 12 |
| Brot á reglum um tengingu og drátt ökutækja (62. gr.) | 13 |
| Brot á sérreglum fyrir létt bifhjól (42. gr.) | 6 |
| Brot á sérreglum fyrir torfærutæki (43. gr.) | 16 |
| Búnaði fyrir farm áfátt (59. gr.) | 2 |

| | Samtals |
|---|---|
| Börnum, öldruðum, fötluðum, sjúkum ekki sýnd tillitssemi (4. gr.) | 16 |
| Dyr ökutækis opnaðar til hættu eða óþæginda o.fl. (5. mgr. 27.gr) | 1 |
| Eftirvagn eða tengitæki tengt við bifhjól (62. gr.) | 1 |
| Eigandi/umráðamaður neitar að gera grein fyrir því hver hafi stjórnað ökutæki (58. gr.) | 3 |
| Eigi gengið frá ökutæki með tryggilegum hætti (4. mgr. 27. gr.) | 9 |
| Eigi höfð aðgát við akstur frá vegarbrún, skipt um akrein, ekið til hliðar, stöðvað eða dregið úr hraða (17. gr.) | 60 |
| Eigi sýnd nægileg varúð við framúrakstur (a–d liðir 2. mgr 20. gr) | 25 |
| Eigi sýnd sérstök aðgát við vegamót (25. gr.) | 104 |
| Eigi vikið nægilega eða dregið úr hraða (19. gr.) | 1 |
| Eigi vikið nægilega eða framúrakstur torveldaður | 1 |
| Eigi virtur almennur forgangur á vegamótum o.fl. (hægri reglan) (25. gr.) | 13 |
| Einstefna, ekið gegn einstefnu (5. gr.) | 103 |
| Ekið á röngum vegarhelmingi (14. gr.) | 7 |
| Ekið eða lagt á svæði sem ekki er ætlað umferð ökutækja (5. gr.) | 9 |
| Ekið eftir gangbraut/gangstíg (13. gr.) | 13 |
| Ekið fram úr við eða á vegamótum (22. gr.) | 11 |
| Ekið fram úr þegar vegsýn er skert (22. gr.) | 4 |
| Ekið hægra megin fram úr (20. gr.) | 17 |
| Ekið ógætilega á vegamótum (15. gr.) | 10 |
| Ekið óvarlega á vegamótum o.fl. (26. gr.) | 1 |
| Ekið vinstra megin fram úr ökutæki sem er að sveigja til vinstri (20. gr.) | 1 |
| Erlend ökuskírteini, reglur þar um (54. gr.) | 2 |
| Erlend ökutæki, brot á reglum um erlend ökutæki (66. gr.) | 1 |
| Farmur, óhæfilega gengið frá farmi (73. gr.) | 23 |
| Farþegar eða farmur byrgja útsýn ökumanns (73. gr.) | 1 |
| Farþegar fluttir á þann hátt að það veldur þeim eða öðrum hættu (73. gr) | 11 |
| Forgangur ekki virtur (25. gr.) | 135 |
| Forgangur gangandi vegfaranda eigi virtur (26. gr.) | 3 |
| Framrúða og/eða fremri hliðarrúður þaktar litaðri plastfilmu. (Sbr. rgl. u.g.&b. 09.10.5, sbr. 60. gr. umfl.) | 85 |
| Framúrakstur rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni (24. gr.) | 13 |
| Fyrirmælum lögreglu ekki hlítt (5. gr.) | 11 |
| Gangbrautarréttur eigi virtur (26. gr.) | 15 |
| Hangið í ökutæki á ferð (6. gr.) | 4 |
| Hélaðar rúður á ökutæki (59. gr.) | 6 |
| Hjálmur, farþegi á bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.) | 1 |
| Hjálmur, farþegi á léttu bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.) | 4 |
| Hjálmur, farþegi á torfærutæki án hlífðarhjálms (72. gr.) | 1 |
| Hjálmur, ökumaður á bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.) | 3 |
| Hjálmur, ökumaður á léttu bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.) | 4 |
| Hjálmur, ökumaður á torfærutæki án hlífðarhjálms (72. gr.) | 3 |
| Hjólbarðar í ólagi (59. gr.) | 27 |
| Hlé ekki tekið frá akstri eftir meira en 6 klst. samfelldan akstur (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 5 |
| Hliðarbil ófullnægjandi (20. gr.) | 1 |

| | Samtals |
|---|---|
| Hraðamæli áfátt (59. gr.) | 3 |
| Hætta eða óþægindi leiða af ökutæki (59. gr.) | 3 |
| Hættulegur farmur – ekið án aðstoðarmanns við flutning á sprengifimum vörum (73. gr.) | 1 |
| Hættulegur farmur – skortur ökumanns á tilskildum réttindum (ADR-réttindi) (73. gr.) | 4 |
| Lagt á röngum vegarhelmingi o.fl. (27. gr.) | 293 |
| Ljóskerjum eða glitaugum áfátt (59. gr.) | 316 |
| Manni, sem ekki hefur til þess réttindi, falin stjórn bifreiðar eða bifhjóls (58. gr.) | 4 |
| Manni, sem ekki hefur til þess réttindi, falin stjórn dráttarvélar, vinnuvélar, létts bifhjóls eða torfærutæki (58. gr.) | 4 |
| Merkjagjöf vanrækt (31. gr.) | 62 |
| Munum fleygt eða skildir eftir á vegi þannig að þeir hafi í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferð (77. gr.) | 1 |
| Nagladekk notuð án heimildar (59. gr.) | 124 |
| Notkun skráningarskylds ökutækis án þess að það hafi verið skráð og skráningarmerki sett á það (63. gr.) | 57 |
| Of hraður akstur. Hraðamæling (37. gr.) | 21.242 |
| Of hraður akstur. Sérstök gerð ökutækja (38. gr.) | 221 |
| Of hraður akstur. Ökuhraði eigi miðaður við aðstæður (36. gr.) | 65 |
| Of margir farþegar (73. gr.) | 108 |
| Of stutt bil milli ökutækja (14. gr.) | 84 |
| Óheimil eða röng notkun ljósa (32. gr.) | 299 |
| Óheimil stöðvun eða lagning ökutækis á gangstétt, -stíg, umferðareyjum o.þ.h. Gjald skv. 108. gr. | 23 |
| Óhreinkun vegar, brot á reglum þar um o.fl. (77. gr.) | 5 |
| Óþarfa hávaði frá vélknúnu ökutæki (35. gr.) | 6 |
| Röng staðsetning fyrir og við beygju á vegamótum (15. gr.) | 4 |
| Samfelld sólarhringshvíld styttri en 6 klst. (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 5 |
| Samfelld vikuhvíld of stutt (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 17 |
| Sérstakur öryggisbúnaður fyrir barn ekki notaður (71. gr.) | 22 |
| Skerming hjóla (17. gr. rgl.u.g.&.b. sbr. 59. gr. umfl.) | 3 |
| Skoðun, vanrækt að færa ökutæki til aðalskoðunar (67. gr. sbr. rg. 378/1998) | 4.450 |
| Skoðun, vanrækt að færa ökutæki til endurskoðunar (67. gr. sbr. rg. 378/1998) | 1.375 |
| Skráningarmerki vantar eða eru ógreinileg (64. gr.) | 203 |
| Skráningarmerki vísvitandi gerð ógreinileg (64. gr.) | 1 |
| Skráningarnúmer, brot á reglum um skráningarmerki og skráningarskírteini (64. gr.) | 34 |
| Skráningarskírteini fylgir ekki ökutæki (64. gr.) | 8 |
| Skyldur ökumanns brotnar, þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstökum tilvikum (30. gr.) | 1 |
| Stokkið af eða á, eða verið utan á ökutæki á ferð (6. gr.) | 4 |
| Stýrisbúnaði áfátt (59. gr.) | 1 |
| Stöðvun ökutækis á eða við vegamót veldur óþarfa óþægindum (25. gr.) | 5 |
| Stöðvunarskylda ekki virt (5. gr.) | 847 |
| Stöðvunarskylda, forgangur ekki virtur (25. gr.) | 61 |
| Sveigt of snemma til hægri (20. gr.) | 1 |
| Svigakstur á tveimur eða fleiri akreinum (23. gr.) | 14 |
| Tengibúnaði áfátt (59. gr.) | 12 |
| Tillitssemi, eigi sýnd nægjanleg tillitssemi eða varúð (4. gr.) | 87 |

| | Samtals |
|---|---|
| Umferðarmerki ekki virt (5. gr.) | 244 |
| Umferðarmerkingar, ekki ekið samkvæmt umferðarmerkingum (5. gr.) | 103 |
| Undirvörn (23. gr. rgl.u.g.&.b. sbr. 59. gr. umfl.) | 1 |
| Útblásturskerfi áfátt (59. gr.) | 8 |
| Útsýn úr ökutæki áfátt (59. gr.) | 36 |
| Vanrækt að færa ökutæki, sem breytt hefur verið á þann veg að það kallar á breytta skráningu, til breytingaskoðunar (67. gr.) | 1 |
| Vanrækt að tilkynna eigendaskipti (64. gr.) | 1 |
| Vanrækt að tilkynna lögreglu um slys (10. gr.) | 35 |
| Vanrækt að veita forgang við akstur út á veg frá bifreiðastæðum, lóðum, landareignum o.s.frv. (25. gr.) | 31 |
| Vanrækt að veita nægilegt rými á vegi o.fl. (26. gr.) | 1 |
| Vátryggingaskylda vanrækt (93. gr.) | 136 |
| Vöntun á ökurita (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 5 |
| Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað (71. gr.) | 39 |
| Ökuljós eigi tendruð í dagsbirtu (32. gr.) | 63 |
| Ökuljós eigi tendruð þegar birta er ófullnægjandi (32. gr.) | 46 |
| Ökumaður veldur hættu eða óþægindum við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínum o.þ.h. (75. gr.) | 8 |
| Ökumaður vélknúins ökutækis notar farsíma án handfrjáls búnaðar (47a) | 699 |
| Ökuréttindi – bifreið dregur eftirvagn eða tengitæki sem gert er fyrir meira en 750 kg heildarþyngd, ekið án þess að hafa réttindi til slíks (50. gr.) | 2 |
| Ökuréttindi, akstur létts bifhjóls án ökuréttinda (55. gr.) | 4 |
| Ökuréttindi, akstur torfærutækis án ökuréttinda (55. gr.) | 3 |
| Ökuréttindi, akstur vinnuvélar án ökuréttinda (55. gr.) | 1 |
| Ökuriti – innsigli rofið eða vantar (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 1 |
| Ökuriti – skráningarblað ekki notað (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 8 |
| Ökuriti – skráningarblað ekki rétt útfyllt (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 57 |
| Ökuriti – skráningarblað notað lengur en í einn sólarhring (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 31 |
| Ökuriti starfar ekki sem skyldi (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl. og IV. kafla reglugerðar EBE nr. 3821/1985) | 39 |
| Ökuskírteini ekki meðferðis (48. gr.) | 2.638 |
| Ökuskírteini, ekið án þess að endurnýja ökuskírteini (48. gr.) | 710 |
| Ökutæki bakkað eða snúið þannig að hætta eða óþægindi skapast fyrir aðra (17. gr.) | 49 |
| Ökutæki ekki fært til reglubundinnar árlegrar skoðunar eða mælingar og skoðunar á 6 ára fresti (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 94 |
| Ökutæki ekki haldið nægjanlega til hægri (14. gr.) | 3 |
| Ökutæki lagt á brú (28. gr.) | 1 |
| Ökutæki lagt við heimreið húss eða lóðar (28. gr.) | 5 |
| Ökutæki lagt við hlið annars ökutækis sem stendur við brún akbrautar (28. gr.) | 2 |
| Ökutæki lagt við vatnshana slökkviliðs (28. gr.) | 2 |
| Ökutæki lagt þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum (28. gr.) | 1 |
| Ökutæki lagt þannig að það veldur óþægindum eða hættu fyrir umferð (27. gr.) | 60 |
| Ökutæki stöðvað eða lagt á eða við gangbraut. Gjald skv. 108. gr. | 3 |
| Ökutæki stöðvað eða lagt á eða við vegamót. Gjald skv. 108. gr. | 1 |

| | Samtals |
|---|---|
| Ökutæki stöðvað eða lagt á hringtorgi (28. gr.) | 1 |
| Ökutæki stöðvað eða lagt á merktu bifreiðastæði leigubifreiða eða fatlaðra. Gjald skv. 108. gr. | 2 |
| Ölvun á reiðhjóli (45. gr.) | 1 |
| Öryggisbelti/bílbelti ekki notað af farþega (71. gr.) | 225 |
| Öryggisbelti/bílbelti ekki notað af ökumanni (71. gr.) | 1.935 |
| Öryggisbúnaði ökutækis áfátt (59. gr.) | 8 |
| Öryggisbúnaður (24. gr. rgl. u.g.&.b. sbr. 59. gr. umfl.) | 3 |
| **Samtals** | **40.617** |

## Fjöldi brota í sektargerðum 2004 (staða þann 15. október).

| | Samtals |
|---|---|
| Að óþörfu ekið svo hægt eða hemlað svo snögglega að það tefur eðlilegan akstur annarra eða skapar hættu (36. gr.) | 1 |
| Aðbúnaði ökumanns eða farþega áfátt (59. gr.) | 1 |
| Afstunga, brot á skyldum við umferðaróhapp (10. gr.) | 62 |
| Akreinanotkun, röng akreinanotkun og beygja (15. gr.) | 5 |
| Akstur bifreiða til farþegaflutnings í atvinnuskyni án réttinda (50. gr.) | 1 |
| Akstur bifreiðar eða bifhjóls án þess að hafa öðlast ökuréttindi (48. gr.) | 174 |
| Akstur bifreiðar eða bifhjóls án þess að hafa öðlast ökuréttindi, í annað sinn (48. gr.) | 3 |
| Akstur bifreiðar, meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, án réttinda (50. gr.) | 10 |
| Akstur dráttarvélar, vinnuvélar, létts bifhjóls og torfærutækis án þess að hafa öðlast réttindi (55. gr.) | 7 |
| Akstur gegn rauðu ljósi (5. gr.) | 855 |
| Akstur utan vega, ökutæki ekið utan vega í þéttbýli (5. gr. a) | 21 |
| Akstursdagur ökumanns allt að 4 klst. of langur (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 1 |
| Ásþungi allt að 10% umfram leyfilegt hámark (76. gr. sbr. rg. 528/1998) | 145 |
| Ásþungi allt að 20% umfram leyfilegt hámark (76. gr. sbr. rg. 528/1998) | 143 |
| Ásþungi allt að 30% umfram leyfilegt hámark (76. gr. sbr. rg. 528/1998) | 34 |
| Bann við framúrakstri ekki virt (5. gr.) | 45 |
| Biðskylda ekki virt (25. gr.) | 95 |
| Brot á reglugerð um flutning á hættulegum farmi (73. gr.) | 1 |
| Brot á reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu á farmi (73. gr.) | 15 |
| Brot á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja (75. gr.) | 9 |
| Brot á reglum um tengingu og drátt ökutækja (62. gr.) | 4 |
| Brot á sérreglum fyrir létt bifhjól (42. gr.) | 5 |
| Brot á sérreglum fyrir torfærutæki (43. gr.) | 16 |
| Brot gegn reglum um notkun erlendra ökutækja (66. gr.) | 1 |
| Brot gegn reglum um tímabundinn akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar (64. gr.) | 1 |
| Börnum, öldruðum, fötluðum, sjúkum ekki sýnd tillitssemi (4. gr.) | 12 |
| Dyr ökutækis opnaðar til hættu eða óþæginda o.fl. (5. mgr. 27.gr) | 1 |
| Eigandi/umráðamaður neitar að gera grein fyrir því hver hafi stjórnað ökutæki (58. gr.) | 1 |
| Eigi gengið frá ökutæki með tryggilegum hætti (4. mgr. 27. gr.) | 10 |

| | Samtals |
|---|---|
| Eigi höfð aðgát við akstur frá vegarbrún, skipt um akrein, ekið til hliðar, stöðvað eða dregið úr hraða (17. gr.) | 7 |
| Eigi notuð sú rein sem ökutæki er ætluð (13. gr.) | 1 |
| Eigi sýnd nægileg varúð við framúrakstur (a-d liðir 2. mgr. 20. gr.) | 14 |
| Eigi sýnd sérstök aðgát við vegamót (25. gr.) | 29 |
| Eigi vikið í tæka tíð fyrir ökutæki sem gefur hljóð- eða ljósmerki (8. gr.) | 1 |
| Eigi vikið nægilega eða dregið úr hraða (19. gr.) | 2 |
| Eigi vikið nægilega eða framúrakstur torveldaður | 1 |
| Eigi virtur almennur forgangur á vegamótum o.fl. (hægri reglan) (25. gr.) | 7 |
| Einstefna, ekið gegn einstefnu (5. gr.) | 76 |
| Ekið á röngum vegarhelmingi (14. gr.) | 11 |
| Ekið eða lagt á svæði sem ekki er ætlað umferð ökutækja (5. gr.) | 8 |
| Ekið eftir gangbraut/gangstíg (13. gr.) | 12 |
| Ekið fram úr við eða á vegamótum (22. gr.) | 11 |
| Ekið fram úr þegar vegsýn er skert (22. gr.) | 2 |
| Ekið hægra megin fram úr (20. gr.) | 7 |
| Ekið ógætilega á vegamótum (15. gr.) | 12 |
| Ekið óvarlega á vegamótum o.fl. (26. gr.) | 1 |
| Ekið vinstra megin fram úr ökutæki sem er að sveigja til vinstri (20. gr.) | 1 |
| Farmur, óhæfilega gengið frá farmi (73. gr.) | 28 |
| Farþegar eða farmur byrgja útsýn ökumanns (73. gr.) | 1 |
| Farþegar fluttir á þann hátt, að það veldur þeim eða öðrum hættu (73. gr) | 11 |
| Forgangur ekki virtur (25. gr.) | 72 |
| Forgangur gangandi vegfaranda eigi virtur (26. gr.) | 5 |
| Framrúða og/eða fremri hliðarrúður þaktar litaðri plastfilmu. (Sbr. rgl. u.g.&b. 09.10.5, sbr. 60. gr. umfl.) | 104 |
| Framúrakstur rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni (24. gr.) | 9 |
| Fyrirmælum lögreglu ekki hlítt (5. gr.) | 13 |
| Gangbrautarréttur eigi virtur (26. gr.) | 8 |
| Hangið í ökutæki á ferð (6. gr.) | 8 |
| Hemlabúnaði áfátt (59. gr.) | 1 |
| Hjálmur, farþegi á bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.) | 1 |
| Hjálmur, farþegi á léttu bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.) | 5 |
| Hjálmur, farþegi á torfærutæki án hlífðarhjálms (72. gr.) | 2 |
| Hjálmur, ökumaður á bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.) | 4 |
| Hjálmur, ökumaður á léttu bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.) | 8 |
| Hjálmur, ökumaður á torfærutæki án hlífðarhjálms (72. gr.) | 6 |
| Hjólbarðar í ólagi (59. gr.) | 10 |
| Hlé ekki tekið frá akstri eftir meira en 6 klst. samfelldan akstur (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 4 |
| Hliðarbil ófullnægjandi (20. gr.) | 1 |
| Hraðamæli áfátt (59. gr.) | 1 |
| Hættulegur farmur– ekki farið eftir ADR-reglum (73. gr.) | 1 |
| Hættulegur farmur– skortur ökumanns á tilskildum réttindum (ADR-réttindi) (73. gr.) | 2 |
| Lagt á röngum vegarhelmingi o.fl. (27. gr.) | 77 |
| Ljóskerjum eða glitaugum áfátt (59. gr.) | 226 |

| | Samtals |
|---|---|
| Maður á skíðum, hjólaskíðum, skautum o.þ.h. dreginn á vegi (6. gr.) | 1 |
| Manni, sem ekki hefur til þess réttindi, falin stjórn bifreiðar eða bifhjóls (58. gr.) | 21 |
| Manni, sem ekki hefur til þess réttindi, falin stjórn dráttarvélar, vinnuvélar, létts bifhjóls eða torfærutæki (58. gr.) | 2 |
| Merkjagjöf vanrækt (31. gr.) | 68 |
| Nagladekk notuð án heimildar (59. gr.) | 144 |
| Neitað að skýra frá nafni og heimilisfangi (10. gr.) | 1 |
| Notkun skráningarskylds ökutækis án þess að það hafi verið skráð og skráningarmerki sett á það (63. gr.) | 21 |
| Of hraður akstur. Hraðamæling (37. gr.) | 18.187 |
| Of hraður akstur. Sérstök gerð ökutækja (38. gr.) | 238 |
| Of hraður akstur. Ökuhraði eigi miðaður við aðstæður (36. gr.) | 35 |
| Of margir farþegar (73 . gr.) | 107 |
| Of stutt bil milli ökutækja (14. gr.) | 44 |
| Óheimil eða röng notkun ljósa (32. gr.) | 218 |
| Óheimil stöðvun eða lagning ökutækis á gangstétt, -stíg, umferðareyjum o.þ.h. Gjald skv. 108. gr. | 20 |
| Óhreinkun vegar, brot á reglum þar um o.fl. (77. gr.) | 2 |
| Óþarfa hávaði frá vélknúnu ökutæki (35. gr.) | 10 |
| Röng staðsetning fyrir og við beygju á vegamótum (15. gr.) | 1 |
| Samfelld sólarhringshvíld styttri en 4 klst. (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 1 |
| Samfelld sólarhringshvíld styttri en 6 klst. (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 3 |
| Samfelld vikuhvíld of stutt (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 3 |
| Sérstakur öryggisbúnaður fyrir barn ekki notaður (71. gr.) | 21 |
| Skerming hjóla (17. gr. rgl.u.g.&.b. sbr. 59. gr. umfl.) | 1 |
| Skoðun, vanrækt að færa ökutæki til aðalskoðunar (67. gr. sbr. rg. 378/1998) | 3.548 |
| Skoðun, vanrækt að færa ökutæki til endurskoðunar (67. gr. sbr. rg. 378/1998) | 983 |
| Skráningarmerki vantar eða eru ógreinileg (64. gr.) | 222 |
| Skráningarmerki vísvitandi gerð ógreinileg (64. gr.) | 4 |
| Skráningarnúmer, brot á reglum um skráningarmerki og skráningarskírteini (64. gr.) | 32 |
| Skráningarskírteini fylgir ekki ökutæki (64. gr.) | 7 |
| Skyldur ökumanns brotnar, þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstökum tilvikum (30. gr.) | 2 |
| Stokkið af eða á, eða verið utan á ökutæki á ferð (6. gr.) | 1 |
| Stýrisbúnaði áfátt (59. gr.) | 1 |
| Stöðvun ökutækis á eða við vegamót veldur óþarfa óþægindum (25. gr.) | 1 |
| Stöðvunarskylda ekki virt (5. gr.) | 634 |
| Stöðvunarskylda, forgangur ekki virtur (25. gr.) | 43 |
| Svigakstur á tveimur eða fleiri akreinum (23. gr.) | 10 |
| Tengibúnaði áfátt (59. gr.) | 13 |
| Tillitssemi, eigi sýnd nægjanleg tillitssemi eða varúð (4. gr.) | 58 |
| Umferðarmerki ekki virt (5. gr.) | 155 |
| Umferðarmerkingar, ekki ekið samkvæmt umferðarmerkingum (5. gr.) | 77 |
| Undirvörn (23. gr. rgl.u.g.&.b. sbr. 59. gr. umfl.) | 1 |
| Útblásturskerfi áfátt (59. gr.) | 9 |
| Útsýn úr ökutæki áfátt (59. gr.) | 31 |
| Vanrækt að tilkynna lögreglu um slys (10. gr.) | 36 |

| | **Samtals** |
|---|---|
| Vanrækt að veita forgang við akstur út á veg frá bifreiðastæðum, lóðum, landareignum o.s.frv. (25. gr.) | 11 |
| Vátryggingaskylda vanrækt (93. gr.) | 125 |
| Vöntun á ökurita (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 1 |
| Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálm (71. gr.) | 2 |
| Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað (71. gr.) | 51 |
| Æfingaakstur, brot á reglum um æfingaakstur (57. gr.) | 1 |
| Ökuljós eigi tendruð í dagsbirtu (32. gr.) | 58 |
| Ökuljós eigi tendruð þegar birta er ófullnægjandi (32. gr.) | 29 |
| Ökumaður veldur hættu eða óþægindum við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínum o.þ.h. (75. gr.) | 1 |
| Ökumaður vélknúins ökutækis notar farsíma án handfrjáls búnaðar (47a) | 905 |
| Ökuréttindi, bifreið dregur eftirvagn eða tengitæki sem gert er fyrir meira en 750 kg heildarþyngd, ekið án þess að hafa réttindi til slíks (50. gr.) | 2 |
| Ökuréttindi, akstur dráttarvélar án ökuréttinda (55. gr.) | 1 |
| Ökuréttindi, akstur létts bifhjóls án ökuréttinda (55. gr.) | 8 |
| Ökuréttindi, akstur torfærutækis án ökuréttinda (55. gr.) | 5 |
| Ökuréttindi, akstur vinnuvélar án ökuréttinda (55. gr.) | 2 |
| Ökuriti – skráningarblað ekki notað (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 8 |
| Ökuriti – skráningarblað ekki rétt út fyllt (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 24 |
| Ökuriti – skráningarblað notað lengur en í einn sólarhring (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 15 |
| Ökuriti starfar ekki sem skyldi (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl. og IV. kafla reglugerðar EBE nr. 3821/1985) | 35 |
| Ökuskírteini ekki meðferðis (48. gr.) | 2.235 |
| Ökuskírteini, ekið án þess að endurnýja ökuskírteini (48. gr.) | 668 |
| Ökutæki bakkað eða snúið þannig að hætta eða óþægindi skapast fyrir aðra (17. gr.) | 50 |
| Ökutæki ekki fært til reglubundinnar árlegrar skoðunar eða mælingar og skoðunar á 6 ára fresti (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.) | 13 |
| Ökutæki ekki haldið nægjanlega til hægri (14. gr.) | 2 |
| Ökutæki lagt við vatnshana slökkviliðs (28. gr.) | 12 |
| Ökutæki lagt þannig að það veldur óþægindum eða hættu fyrir umferð (27. gr.) | 50 |
| Ökutæki stöðvað eða lagt á eða við gangbraut. Gjald skv. 108. gr. | 1 |
| Ökutæki stöðvað eða lagt á eða við vegamót. Gjald skv. 108. gr. | 1 |
| Ökutæki stöðvað eða lagt á merktu bifreiðastæði leigubifreiða eða fatlaðra. Gjald skv. 108. gr. | 2 |
| Ölvun við stjórn hests (45. gr.) | 4 |
| Öryggisbelti/bílbelti ekki notað af farþega (71. gr.) | 197 |
| Öryggisbelti/bílbelti ekki notað af ökumanni (71. gr.) | 2.000 |
| Öryggisbúnaði ökutækis áfátt (59. gr.) | 8 |
| Öryggisbúnaður (24. gr. rgl. u.g.&.b. sbr. 59. gr. umfl.) | 1 |
| **Samtals** | **34.035** |

2. *Hverjar voru heildarfjárhæðir sekta skipt eftir brotum árið 2003 og það sem af er árinu?*

Heildarfjárhæð álagðra sekta vegna ársins 2003 nemur 803.326.940 kr. Ekki er unnt að nálgast upplýsingar um fjárhæðir álagðra og innheimtra sekta eftir ákveðnum brotaflokkum sökum þess fyrirkomulags sem í gildi er milli Fjársýslu ríkisins og embættis ríkislögreglustjórans, þess efnis að Fjársýsla ríkisins heldur saman upplýsingum um fjárhæðir sekta og innheimtu þeirra en ríkislögreglustjóri heldur utan um fjölda sekta og skiptingu þeirra eftir brotum. Þetta fyrirkomulag, sem á rætur að rekja til sameiginlegrar ákvörðunar ríkislögreglustjórans og Fjársýslu ríkisins (þá tekjubókhalds ríkisins) haustið 1997, átti m.a. að undirstrika það að sektir lögreglu væru refsiviðurlög við brotum og að engin tengsl væru milli fjárhags lögreglunnar og innheimtra sekta sem renna í ríkissjóð. Samkvæmt því sem hér er rakið eru ekki fyrirliggjandi tölur yfir fjárhæðir álagðra eða innheimtra sekta eftir brotaflokkum, einvörðungu eftir tegundum sekta. Frekari tölulegar upplýsingar um innheimtu sekta fyrir árið 2003 koma fram í töflunni hér á eftir. Álagðar sektir vegna fyrstu níu mánaða þessa árs nema samtals 624.302.238 kr.

**Innheimta sekta árið 2003**

| Tegund sekta | Álagning | Breytingar | Afskriftir | Nettó-álagning | Greiðslur |
|---|---|---|---|---|---|
| Sektarboð | 564.944.687 | 208.187.250 | 69.000 | 356.688.437 | 366.989.790 |
| Dómsáritanir | 107.643.228 | 2.666.552 | 466.469 | 104.510.207 | 71.130.860 |
| Sektargerðir | 130.739.025 | 23.522.708 | 2.626.282 | 104.590.035 | 112.296.926 |
| **Samtals** | **803.326.940** | **234.376.510** | **3.161.751** | **565.788.679** | **550.417.576** |

3. *Hvað fengu margir staðfesta umferðarpunkta árið 2003, sundurliðað eftir kyni og aldri?*

Árið 2003 fengu alls 14.355 einstaklingar staðfesta punkta í ökuferilsskrá vegna umferðarlagabrota, þar af voru 10.992 karlar og 3.363 konur. Nánari sundurgreining eftir kyni og aldri kemur fram í eftirfarandi töflum.

**Fjöldi einstaklinga sem fengu staðfesta umferðarpunkta árið 2003, greint eftir aldri og kyni.**

| | Karl | Kona | Samtals |
|---|---|---|---|
| 15–24 | 3.646 | 1.161 | 4.807 |
| 25–34 | 2.613 | 826 | 3.439 |
| 35–44 | 2.118 | 663 | 2.781 |
| 45–54 | 1.498 | 444 | 1.942 |
| 55–64 | 767 | 191 | 958 |
| 65–74 | 257 | 63 | 320 |
| 75–84 | 85 | 13 | 98 |
| 85–94 | 8 | 2 | 10 |
| **Samtals** | **10.992** | **3.363** | **14.355** |

**Aldur og kyn þeirra sem fengu staðfesta umferðarpunkta árið 2003.**

| Aldur | Karl | Kona | Samtals |
|---|---|---|---|
| 15 | 15 | 4 | 19 |
| 16 | 47 | 8 | 55 |
| 17 | 300 | 92 | 392 |
| 18 | 562 | 180 | 742 |
| 19 | 542 | 179 | 721 |
| 20 | 509 | 165 | 674 |
| 21 | 470 | 158 | 628 |
| 22 | 407 | 142 | 549 |
| 23 | 412 | 124 | 536 |
| 24 | 382 | 109 | 491 |
| 25 | 308 | 91 | 399 |
| 26 | 274 | 100 | 374 |
| 27 | 296 | 74 | 370 |
| 28 | 255 | 89 | 344 |
| 29 | 251 | 78 | 329 |
| 30 | 282 | 85 | 367 |
| 31 | 255 | 87 | 342 |
| 32 | 225 | 77 | 302 |
| 33 | 232 | 78 | 310 |
| 34 | 235 | 67 | 302 |
| 35 | 254 | 55 | 309 |
| 36 | 214 | 72 | 286 |
| 37 | 246 | 74 | 320 |
| 38 | 210 | 70 | 280 |
| 39 | 210 | 70 | 280 |
| 40 | 207 | 60 | 267 |
| 41 | 189 | 82 | 271 |
| 42 | 199 | 62 | 261 |
| 43 | 205 | 66 | 271 |
| 44 | 184 | 52 | 236 |
| 45 | 170 | 54 | 224 |
| 46 | 178 | 47 | 225 |
| 47 | 161 | 60 | 221 |
| 48 | 161 | 56 | 217 |
| 49 | 163 | 50 | 213 |
| 50 | 161 | 47 | 208 |
| 51 | 141 | 33 | 174 |
| 52 | 121 | 28 | 149 |
| 53 | 129 | 35 | 164 |
| 54 | 113 | 34 | 147 |
| 55 | 98 | 30 | 128 |
| 56 | 106 | 23 | 129 |
| 57 | 99 | 14 | 113 |
| 58 | 88 | 35 | 123 |
| 59 | 88 | 18 | 106 |

| Aldur | Karl | Kona | Samtals |
|---|---|---|---|
| 60 | 77 | 18 | 95 |
| 61 | 66 | 17 | 83 |
| 62 | 51 | 12 | 63 |
| 63 | 49 | 12 | 61 |
| 64 | 45 | 12 | 57 |
| 65 | 30 | 11 | 41 |
| 66 | 41 | 5 | 46 |
| 67 | 24 | 10 | 34 |
| 68 | 32 | 5 | 37 |
| 69 | 22 | 7 | 29 |
| 70 | 27 | 4 | 31 |
| 71 | 26 | 5 | 31 |
| 72 | 19 | 4 | 23 |
| 73 | 24 | 9 | 33 |
| 74 | 12 | 3 | 15 |
| 75 | 16 | | 16 |
| 76 | 9 | 1 | 10 |
| 77 | 13 | 2 | 15 |
| 78 | 11 | 2 | 13 |
| 79 | 9 | 1 | 10 |
| 80 | 10 | 2 | 12 |
| 81 | 5 | 3 | 8 |
| 82 | 7 | 2 | 9 |
| 83 | 2 | | 2 |
| 84 | 3 | | 3 |
| 85 | 4 | | 4 |
| 86 | 1 | | 1 |
| 87 | 3 | 1 | 4 |
| 89 | | 1 | 1 |
| **Samtals** | **10.992** | **3.363** | **14.355** |

*4. Hvernig hefur sektakerfið reynst að mati ráðherra og eru fyrirhugaðar breytingar á því?*

Mat ráðherra er að sektarkerfi lögreglunnar hafi reynst með ágætum og enn er stefnt að því að bæta það. Breytingar í þá átt getur að líta í frumvarpi til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála, sem lagt verður fram á þessu þingi, en að því er viðvíkur sektum og sektarinnheimtu er lagt til í fumvarpinu að lögreglu verði heimilt að bjóða sakborningi að ljúka máli með greiðslu sektar á vettvangi, að því tilskildu að sektarþoli gangist skýlaust við broti sínu og að sekt fari ekki fram úr 50.000 kr. Með þessu móti verður ferill máls að öllu leyti birtur á vettvangi brots og verða ítrekuð sektarboð og birting áritaðra sektarboða því óþörf. Um reynsluna af sektarkerfi lögreglunnar, m.a. í sögulegu ljósi, vísast að öðru leyti til fylgiskjals.

**Fylgiskjal.**

## Greinargerð um reynsluna af sektarkerfi lögreglunnar.
(15. október 2004.)

Það má segja að ófremdarástand hafi ríkt hjá mörgum lögregluembættum varðandi lögreglustjórasáttir fram til ársins 1998. Ekki var til samræmt kerfi til að halda utan um ákvörðun, álagningu og vinnslu sekta og samræmdar reglur um hvaða brot skyldi sekta fyrir og þá hvaða sektarfjárhæðum skyldi beitt skorti. Sem dæmi má nefna að hjá lögreglustjóranum í Reykjavík höfðu tvær skrifstofustúlkur það að aukavinnu eftir kl. 17:00 á daginn, á árinu 1997, að skrá alla greiðsluseðla vegna útsendra sekta embættisins inn í tekjubókhald ríkisins og þeir síðan prentaðir út úr því og sendir sakborningum. Þetta var tímafrek vinna og fjöldi útsendra sekta fór því eftir því hver afköst þessara stúlkna voru. Þegar kom að eftirfylgni við þessar sektir, þurftu þessar sömu stúlkur að útbúa ítrekunarbréf vegna sektanna í tekjubókhaldskerfinu og senda út. Þetta varð þess valdandi að fjöldi sekta á ári var takmarkaður og eftirfylgni að sama skapi lítil. Mál sem hefði átt að ljúka með lögreglustjórasátt og greiðslu sektar fengu síður framgang og tíðum mátti sjá mál vegna umferðarlagabrota skráð lokið með "áminningu", en þau málslok áttu að eiga við tiltekin hegningarlagabrot á þeim tíma. Önnur embætti beittu ýmist svipuðum aðferðum eða voru með heimasmíðuð tölvuforrit til að halda utan um sektir, en eftir sem áður var mismunandi fyrir hvaða brot var sektað hjá embættunum og sektarfjárhæðir mismunandi.

Með breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og útgáfu reglugerðar um lögreglustjórasáttir árið 1997, sem og reglugerðar um sektir og önnur viðurlög vegna umferðarlagabrota, og því samhliða starfrækslu nýs miðlægs hugbúnaðar hjá Ríkislögreglustjóra til að halda utan um lögreglustjórasáttir, varð breyting á. Í viðauka við reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna umferðarlagabrota voru tilgreindar sektarfjárhæðir við hinum ýmsu umferðarlagabrotum og umferðarpunktar vegna tiltekinna brota tilgreindir. Utan um þetta allt hélt og heldur síðan þessi nýi hugbúnaður, sektarkerfið. Útsending lögreglustjórasátta, sektarboða og sektargerða, álagning sektanna og útsending ítrekana útheimti mun minni vinnu og nær engin takmörk voru til dæmis fyrir því hve mörg sektarboð á greiðsluseðlum voru send út á degi hverjum. Allir greiðsluseðlar vegna sektarboða, sem og ítrekanir vegna sektarboða og sektargerða eru prentaðar út á einum og sama stað. Frá því

sektarkerfið var tekið í notkun og allt til áramótanna 2002-2003 sá ríkislögreglustjórinn um útprentunina og póstlagningu, en frá ársbyrjun 2003 hefur sýslumaðurinn á Hvolsvelli séð um þann þátt.

Samkvæmt þeim tölum sem ríkislögreglustjórinn hefur árlega birt frá árinu 1999 með innheimtuárangri vegna sekta, kemur í ljós að rúmlega 80% sektarboða lýkur með greiðslu þeirra. Þegar kemur að úrvinnslu þeirra tæplega 20% sektarboða sem eftir standa, sér í lagi þeirra sem sendar eru til áritunar hjá dómara, vandast hins vegar málið og sé hægt að tala um "flöskuháls", þá hefur hann með hinu nýja fyrirkomulagi færst frá fyrstu stigum yfir á fullnustustig málanna. Málin hafa sem sagt greiðan aðgang meðan þau eru á "lögreglustigi" en þegar kemur á "ákærustig" og "fullnustustig" hægist á vinnslunni.

Lögreglan heldur ekki yfirlit yfir álagðar eða innheimtar fjárhæðir vegna sekta. Í samráði við tekjubókhald ríkisins á árinu 1997 var ákveðið að tekjubókhaldið annaðist slíkt utanumhald, en ríkislögreglustjórinn héldi saman upplýsingum um fjölda sektanna. Ekki er hægt að bera saman innheimtu fyrir og eftir að sektarkerfið var tekið í notkun. Upplýsingar um fjölda sekta eru ekki aðgengilegar og það var mismunandi milli embætta á hvaða tekjulið ríkisbókhaldsins sektirnar voru færðar, en samkvæmt upplýsingum frá tekjubókhaldi ríkisins í ársbyrjun 2002 jókst heildarfjárhæð álagðra sektarboða um 50% milli áranna 1997 og 1998 eða um 62,6 milljónir króna. Sambærilegur samanburður þriggja ára fyrir og eftir gangsetningu miðlæga sektarkerfisins sýnir að innheimtan jókst um 118% á fyrstu þremur árunum eftir gangsetninguna eða um tæpar 320 milljónir króna. Alls höfðu innheimst í ríkissjóð vegna sektarboða lögreglu á árunum 1998 til og með 2001 kr. 854,8 milljónir króna